



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir

Sumarlokun leikskóla

Áhrif á faglegt starf og starfsaðstæður

► Um höfunda ► Efnisorð

Í þessari grein er fjallað um sumarlokun leikskóla og hvernig ákvarðanir rekstraraðila tengdar þeim geta haft áhrif á faglegt starf í skólunum og starfsaðstæður kennara og barna. Börn á leikskólaaldri eru ekki skólaskyld og foreldrar greiða fyrir vistun þeirra, því er rekstrarlega mikilvægt að taka inn ný börn sem allra fyrst svo greiðslur falli ekki niður. Rekstrarlegir þættir þrýsta á um fulla nýtingu allan ársins hring og það skapar sérstakar aðstæður sem ekki eru fordæmi fyrir á öðru skólastigi.

Greinin byggir á rannsókn sem framkvæmd var vorið 2011. Spurningakönnun var lögð fyrir 110 leikskólastjóra en það er tæplega 40% leikskólastjóra í landinu og var svörunin 60%. Markmið hennar var að kanna áhrif sumarlokunar á starf og starfsaðstæður í leikskólum. Skortur er á íslenskum rannsóknum á starfsumhverfi leikskóla í landinu og takmörkuð þekking fyrirliggjandi, ekki hvað síst um samspil ytri ákvarðana og faglegs starfs. Því er efnið sem hér um ræðir mikilvægt innlegg í bæði fræðilega og rekstrarlega umræðu um málefni leikskóla.

Helstu niðurstöður eru að það skiptir máli fyrir starfið í leikskólunum hvort þeir loka að sumrinu eður ei, hve lengi þeir loka og á hvaða tímabili. Það eru oftast rekstraraðilar sem taka ákvarðanir um hvernig sumarlokun er háttáð. Ákvarðanir eru pólitískar og geta breyst frá ári til árs, jafnvel vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum; atvinnurekendum og foreldrum. Það er síðan á ábyrgð skólastjóra að vinna úr aðstæðum hverju sinni. Í niðurstöðum gætir ákveðinna þversagna. Skólastjórar hafa orð á margvíslegum áhrifum ytri ákvarðana en telja þær ekki hafa mikil áhrif á faglegt starf. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að mikilvægt sé að skoða betur áhrif sumarlokunar á faglegt starf skólanna og starfsaðstæður kennara og barna.

The influence of the summer recess on the operation of preschools

► About the authors ► Key words

One of the differences between the Icelandic preschool and the compulsory school is, among other things, the flow of the school calendar. A school year in preschool has no formal beginning or end, however, in some respect the summer recess establishes a division. If the summer recess is late, it is easy to predict that the six years old, will quit before, or around the time that the summer recess starts. On the other hand, if the summer recess is early, it increases the probability of the children returning to preschool after the break. The intake of new children instead of those who graduate and are transferred to the next school level, is closely connected to the time when the six year olds leave, and hence connected to the timing of the

summer recess. Operational aspects regarding budget, demand that all available places are filled all year round, and that in turn creates special circumstances that are not precedent at any other school level.

Since preschool is not mandatory and parents are charged for their children's care, it is important, regarding budgeting, to allot each vacant place to a new child as soon as possible to meet financial demands. It has not been properly researched how external aspects, like the length and timing of the summer recess and its connection to the intake of new children, influence the internal operation of preschools, however, one can assume that they must have some impact.

This article focuses on how preschools organise their internal and pedagogical aspects regarding the intake of new children in relation to the summer recess. The article uses as an example, one particular preschool's response to changes in the summer break during the spring of 2011. The article is based on a study that was conducted in the spring of 2011 where the goal was to explore the influence of the summer recess on the internal aspects of preschools. That spring, 110 preschool principals, which is nearly 40% of all preschool principals in the country, were asked to answer a questionnaire and 60% responded.

There is a lack of research on working conditions in preschools in Iceland as well as in other countries and the available knowledge is limited, especially regarding the interaction between external decisions and the decisions made by the preschool principals. Therefore, research that focuses on work environment in preschools are important, both theoretically to guide preschool principals and teachers in their work but also as knowledge for external operators to guide them in their decisions they have to take.

The main findings are that the influence of the particular timing and length of the summer recess is significant and if it varies between years, the impact on when the oldest children graduate is greater. Operators decide if preschools are to be closed down for a summer break or not, how long it should last and when the closing will take place. Those decisions are political and can change each year, even due to pressure from interested parties, like businesses and parents. It then falls to the preschool principal to work with those decisions each year. It is important that operators are aware of the influence of their decisions and consider them in connection to the internal operations of the schools and the work environment. Children spend the first five years in preschool and how they are spent, can influence their future.

The findings are somewhat contradictory. Preschool principals mention varied influences due to external decisions but simultaneously trivialize them. Potentially there could be a conflict between their professional role and operational factors. Those findings indicate that it is important to further examine the influence the summer recess has on the internal professional activities of preschools, as well as the influence it has on work environment of teachers and children.

Inngangur

Leikskólinn varð fyrsta skólastigið með lögum um leikskóla árið 1994 (nr. 78/1994). Síðan þá hefur átt sér stað mikil þróun í átt að því að efla leikskólann í þessu nýja hlutverki sínu og hann hefur fest sig í sessi sem menntastofnun sem sjá má á lögum, aðalnámskrá og því að leikskólakennaranám er nú á meistarastigi. Samt sem áður er leikskólinn ekki að öllu leyti sambærilegur öðrum skólastigum og enn virðist eyma eftir af ýmsum skipulagsþáttum sem tilheyra því þjónustuhlutverki sem hann hafði áður.

Jóhanna Einarsdóttir (2004, 2007, 2010) hefur rannsakað ýmsar hliðar á mörkum leik- og grunnskóla. Niðurstöður hennar sýna að skólastigin eru ólík og munur er á starfsháttum (2004). Að sömu niðurstöðu komst Gerður G. Óskarsdóttir (2012). Hugmyndafræði og

starfsaðferðir eru ekki eins (Jóhanna Einarsdóttir, 2010) og væntingar foreldra og samfélags til leikskóla eru ekki hinar sömu og til grunnskóla (2007). Einn meginmunurinn er sá að þrátt fyrir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið hafa börn á leikskólaaldri ekki skólaskyldu og greiða foreldrar fyrir leikskóladvöl barna sinna (Lög um leikskóla, nr. 90/2008) sem foreldrar grunnskólabarna gera ekki (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Gjaldtakan felur í sér ákveðna viðurkenningu á þjónustuhlutverk leikskóla og það að foreldrar greiða fyrir vistun barna sinna veitir þeim sterkari rétt til að hafa skoðun á rekstri skólanna og starfsháttum. Gjaldtakan er einnig tekjustofn sveitarfélaga og getur því haft áhrif á ákvarðanir um rekstur leikskólanna.

Annað sem skapar leikskólunum sérstöðu er að rekstraraðilar hafa svigrúm til að ákveða hvort leikskólar loka yfir sumarmánuðina eða ekki, hversu lengi þeir loka og á hvaða tíma sumars (Hagstofa Íslands, 2014b). Á öðrum skólastigum er hefð fyrir meiri festu, skólaárið hefur skilgreint upphaf og endi og við því er síður hróflað. Þó fyrirkomulagið á sumarlokun sé í föstum skorðum í sumum sveitarfélögum er sú ekki raunin allstaðar. Í þeim tilfellum þar sem sveitarfélög reka leikskóla eru ákvarðanir um sumarlokun tíðum teknar á pólitískum grundvelli (Hafnafjarðarbær, 2013; Rangárþing ytra, 2013; Sigtryggur Sigtryggsson, 2009; Sveitarfélagið Árborg, 2013a). Fyrirkomulagið getur breyst, jafnvel frá ári til árs, til dæmis vegna þrýstings frá foreldrum (Garðar Örn Úlfarsson, 2013; Sveitarfélagið Árborg, 2013b). Ef rekstraraðili tekur ákvörðun sem breytir fyrirkomulagi um sumarlokun sem verið hefur í gildi, hefur það bein áhrif á marga þætti sem ekki má horfa fram hjá. Í fyrsta lagi eru elstu leikskólabörnin á síðustu vikunum sínum áður en þau fara í grunnskóla og umræddur tími mikilvægur bæði fyrir menntun þeirra og líðan. Í öðru lagi fer inntaka nýrra barna fram á sumarmánuðunum og það skiptir máli við skólabyrjun að vandað sé til verka bæði fyrir börnin og foreldrana. Í þriðja lagi eru kennarar að gera upp síðasta starfsár og undirbúa það næsta ásamt því að sinna faglegu starfi sem er í fullum gangi. Það er einnig stór áhrifaþáttur að kennarar eiga rétt á sumarleyfum, margir allt að sex vikum og ætla má að fjarvera þeirra hafi áhrif á möguleikana á að halda uppi faglegu starfi yfir sumarmánuðina, sinna elstu börnunum síðustu vikurnar þeirra í leikskólanum og taka inn ný börn, ljúka skólaárinu og undirbúa það næsta. Munurinn á milli leik- og grunnskóla hvað þetta varðar er meðal annars sá að í grunnskóla eru ný börn ekki að hefja skólagöngu á meðan verið er að ljúka síðasta skólaári né heldur fellur sumarleyfistími kennarar á starfstíma skóla.

Sérstaða leikskóla felst einnig í því að fjárhagsáætlanir leikskóla eru gerðar út frá því að skólinn sé fullnýttur allan opnunartíma sinn, annars vegar út frá daglegum opnunartíma, oft átta tíma á dag eða meira og hins vegar á árs grundvelli, ellefu mánuði á ári eða meira. Yfir sumarmánuðina hætta elstu börnin í leikskólanum, jafnvel smám saman, sem þýðir að tekjur skólans dragast saman án þess að stjórnendur fái miklu um það ráðið. Þetta krefur leikskólastjóra um ráðdeild í nýtingu rýma og hefur áhrif á ákvarðanir um inntöku nýrra barna (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a). Það getur líka flækt málin að foreldrar leikskólabarna geta valið að börnin séu í skólanum hluta úr degi en foreldrar grunnskólabarna hafa ekki sama val. Þetta getur haft í för með sér að erfiðara er að fullnýta leikskólann eins og fjárhagsáætlun gengur út frá. Þannig skiptir fjárhagslega miklu máli hvort skólinn er lokaður yfir sumarið, hve lengi og með hvaða hætti sumarlokun er fyrirkomið (Hagstofa Íslands, 2014).

Erlendar rannsóknir á leikskólum hafa takmarkað yfirfærslugildi þar sem aðstæður milli landa eru misjafnar og þó ýmsar rannsóknir séu til um starfið með elstu leikskólabörnunum síðasta veturinn þeirra (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a; Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2010) er þegar á heildina er litið tilfinnanlegur skortur á rannsóknum, íslenskum sem erlendum, á tengslum rekstrarlegra þátta við skólastarf. Má þó nefna rannsókn Örn H. Jónsdóttur og Marianne Coleman (2014) þar sem meðal annars kemur fram að leikskólastjórar upplifa togstreitu milli faglegra þátta og

rekstrarlegra og rannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Eyglóar Björnsdóttur (2011b) þar sem skoðað var hvaða áhrif breyting á sumarlokun hafði á skólasterfið. Rannsóknin var framkvæmd í einum leikskóla og gaf góða mynd af því hvernig unnið var úr málum varðandi sumarlokun í viðkomandi skóla. Niðurstöður sýndu að þegar sveitarfélag færði sumarlokun til þannig að skólinn lokaði seinna að sumrinu en venjan hafði verið, þá hafði það veruleg áhrif á aðlögun nýrra barna og starfsaðstæður elstu barnanna. Í kjölfarið vöknudu spurningar um hvernig málum væri háttáð í öðrum skólum eða öðrum sveitarfélögum. Þetta var kveikjan að þeirri rannsókn sem hér er greint frá. Markmið hennar var að fá sem skýrasta mynd af því hvernig staðið er að sumarlokun í leikskólum og hvaða áhrif hún hefur á inntöku nýrra barna og starfið með elstu börnunum yfir sumarið. Einnig hvaða áhrif sumarlokun hefur á starfsaðstæður leikskólastjóra, kennara og barna.

Leikskólinn að sumri til

Að hausti á því ári sem börn verða sex ára er þeim ætlað að hefja grunnskólagöngu sína. Það hvenær börnin hætta í leikskólanum er þó háð ákvörðunum foreldra (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a). Margt getur haft áhrif á þá ákvörðun svo sem persónulegar aðstæður heima fyrir en það, hvenær sumarlokun leikskólans er ráðgerð, hefur mikið um það að segja hvort elstu börnin hætta fyrr eða síðar. Ef sumarlokun er um eða eftir miðbik sumars eða það sem í leikskólanum er kallað seint, er líklegt að foreldrar kjósi að láta börnin hætta við upphaf sumarlokunar en ef sumarlokun er snemma aukast líkur á að elstu börnin komi aftur í skólann eftir sumarlokun og hætti í leikskólanum nálægt þeim tímamótum að grunnskólinn hefjist. Hvernig sem aðstæður eru, þá er staðreyndin sú að það fækkar smám saman í hópi elstu barnanna eftir því sem líður á sumarið. Þá hafa skólar val um tvennt, annars vegar að taka ný börn inn þegar þau eldri eru hætt og þá getur inntakan dregist fram á haustið sem tefur það að starfið komist í fastar skorður. Hins vegar geta skólar tekið ný börn inn áður en elstu börnin eru hætt og hefur það í för með sér að börn verða fleiri í skólanum en viðmið gera ráð fyrir. Áhrifin eru þá einna helst á starfið með elstu börnunum. Dæmi eru um að elstu börnin séu tekin úr almennu starfi, þau séu færð af deildinni sinni yfir á sameiginleg svæði eða fái aðstöðu utan skólans (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a). Það er umhugsunarefni, og hefur litla umfjöllun fengið, hvaða áhrif þannig aðstæður hafa á börnin þessar síðustu vikur þeirra í leikskólanum.

Annað sem lítið hefur verið rannsakað eru áhrif þess á nám og líðan þeirra þegar kennarinn er farinn í sumarleyfi eða vinirnir hætta í skólanum. Lepper, Corpus og Lyengar (2005) segja að börn sem viðhalda forvitni sinni, áhuga og jákvæðu viðhorfi gagnvart námi séu líklegri til að ná betri námsárangri. Á fyrstu fimm árum lífsins er lagður grunnur að öllum þroskaþáttum barnsins og þessi ár skipta sköpum á svo mörgum sviðum. Gæði leikskóla skipta máli fyrir velferð barna og velgengni síðar í lífinu og langtíma rannsóknir sýna mikilvægi fyrstu fimm áranna í lífi barna og að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélög að fjárfesta í leikskólastiginu (Institute of medicine and national research council, 2012; Young, 2014).

Sumarið 2011 gerðu höfundar rannsókn þar sem fylgst var með hvernig leikskóli brást við þegar rekstraraðili færði sumarlokun til þannig að skólinn lokaði mun seinna að sumrinu en venja hafði verið (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011b). Í umræddum skóla var valin sú leið að hefja aðlögun nýrra barna áður en þau elstu hættu og stofna sérstaka útideild fyrir elstu börnin. Niðurstöður voru meðal annars þær að tilfærslan á sumarlokun hafði mikil áhrif á faglegt starf skólans, hún leiddi af sér mikla skipulagsvinnu og hafði í för með sér álag á kennara og stjórnendur. Það kom skýrt fram að þegar sumarlokunin var færð til kallaði það á fjölmörg verkefni, við það bættist að tímabilið sem lokunin stóð yfir var tiltölulega langt, eða fjórar vikur. Þrátt fyrir góðan undirbúning í skólanum þá komu upp ófyrirséð atriði sem höfðu áhrif, sem dæmi má nefna að umrætt vor var einstaklega kalt og blautt og gerði útveru erfiða. Elstu börnin höfðu ekki hólf í forstofu og

blaut fót og mikill útbúnaður olli vandræðum. Skólastjórnendur voru sammála um að tilfærsla á sumarlokun kosti peninga og ekki megi gera ráð fyrir að starfsmenn geti ítrekað lagt á sig svo mikla aukavinnu og álag sem þarna var gert. Stjórnendur voru ánægðir með framkvæmdina en töldu að sitthvað mætti gera öðruvísi ef leikurinn yrði endurtekinn. Þegar upp er staðið sé ekki hægt að nýta reynsluna aftur að ári þar sem sumarlokun leikskóla í sveitarfélaginu er skipt í þrjú tímabil og breytist ár frá ári hvenær viðkomandi leikskóli lokar.

Aðlögun barna að leikskóla

Eins og komið hefur fram verða leikskólastjórar að gæta þess að skólinn sé alltaf full nýttur. Því þarf að taka ný börn inn í skólann jafnóðum og elstu börnin hætta og það gerist helst á sumarmánuðum. Oftar en ekki eru nýju leikskólabörnin ung að árum sem kallar á tímafrekari og fyrirhafnarmeiri aðferðir við skólabyrjun en þörf er fyrir með eldri börnum, aðferðir og tíma sem í orðræðu leikskólans er nefnt aðlögun. Hugtakið aðlögun er notað í fjölbreyttu samhengi um breytingar af ýmsum toga en í leikskólasamfélaginu nær orðið yfir upphaf skólagöngu barna, fyrstu dagana þegar foreldrar dvelja með börnum sínum í skólanum. Þetta er tími þar sem fjölskyldan lærir á skólann og börnin kynnast kennurum og öðrum börnum og læra á skipulagið. Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er áréttað að við upphaf skólagöngu skuli foreldrar hafa tækifæri til að kynnast skólanum um leið og kennarar fá upplýsingar um barnið, aðstæður, reynslu og áhugasvið. Skólar þurfa því að hafa ákveðið skipulag og gera ráð fyrir tíma fyrir samráð kennara og foreldra.

Aðferðir við aðlögun og hugmyndafræðin á bak við aðlögun barna að íslenskum leikskólum voru framan af sóttar til Norðurlandanna og byggðar á tengslakenningum (Kristín Dýrfjörð, 2009b). Um miðja síðustu öld skrifar breski geðlæknirinn John Bowlby (Bowlby, 1951; Bowlby, Ainsworth, Boston og Rosenbluth, 1956) um meðfædda þörf barna fyrir að tengjast einum umfram öðrum í uppeldisumhverfi þeirra. Hann taldi sérstaklega mikilvægt að sá hinn sami sinni þeim fyrstu tvö árin og ef þörf barna fyrir tengsl sé ekki sinnt hafi það í för með sér margvísleg slæm áhrif. Skammtímaáhrif geti falist í álagseinkennum en greina megi afleiðingar þegar til lengri tíma er litið bæði á þroska og líðan (Bowlby, 1956). Kenningar Bowlby ganga út á að aðskilnaður frá foreldrum geti haft áhrif á tilfinningaþroska barna, sérstaklega ef ekki er vandað til verka og hafði mikil áhrif á hugmyndir um skólabyrjun ungra barna, meðal annars hér á landi og aðlögunarferli varð smám saman fastur hluti af skólabyrjun leikskólabarna. Hins vegar hefur verið bent á að sjónarhornið á aðlögun barna að leikskóla sé þröngt og líta mætti til fleiri þátta, svo sem gæða leikskóla (Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013).

Framfarastefnan og sálfræðikenningar í anda hennar höfðu mikil áhrif á íslenskt leikskólastarf eins og sjá má á fyrsta opinbera leiðavísi fyrir leikskóla (Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, 1985), ekki síst kenning Erikson um þróun sjálfsins. Kenningin gerir ráð fyrir að fyrstu árin þroski börn með sér traust eða vantraust í samræmi við atlæti og reynslu (Erikson 1968). Aðlögun er þá ekki einungis til að takast á við aðskilnaðarkvíðann heldur einnig mikilvæg til að skapa traust og vellíðan sem síðan skilar sér í hæfni til að efla vitsmunaproska, félagsþroska svo dæmi sé tekið. Margaret Mahler (1984) og kenning hennar um mótun sjálfsvitundar hefur einnig haft sín áhrif á hugmyndir um aðlögun, ekki síst í gegnum heilsugæsluna (Anna Karólína Stefánsdóttir o.fl., 2000). Kenning hennar gerir ráð fyrir að frá fæðingu gangi barnið í gegnum ákveðin stig sem geri því smám saman kleift að átta sig á sjálfu sér sem persónu, aðgreinda frá öðrum. Í gegnum ferlið eflist tilfinningaþroskinn og barnið nær tökum á að mynda tengsl við aðra, fullorðna og jafningja. Áföll á þessari leið eru talin trufla eðlilegan þroska. Ef kenningar Mahler og tengslakenning Bowlby eru bornar saman má sjá að Mahler sá tilburði barns til að halda fast í foreldra sína sem æfingu í aðskilnaði á meðan tengslakenningin telur slíkt hið sama dæmi um skort á gæðum tengsla. Eðlileg viðbrögð samkvæmt tengslakenningum væru að kanna heiminn í nálægð foreldra (Lyons-Ruth, 1991). Báðar kenningarnar hafa þó lagt grunn að mikilvægi

Þess að vanda til leikskólabyrjunar barna, aðlögunar. Samhliða aukinni atvinnuþátttöku kvenna komu fram rannsóknir sem þóttu sýna að vistun ungra barna utan heimilis gat haft skaðleg áhrif, jafnvel til langframa. Má þar nefna rannsóknir Belsky (1988) og þó aðrar rannsóknir gæfu mildari mynd af áhrifum leikskóladvallar voru þau þó mælanleg og þóttu sýna nauðsyn þess að vanda þyrfti til verka (sbr. Niss, 1988; Thompson, 1988). Í aðlögun er lagður grunnur að vönduðum samskiptum við forelda (Andersen og Rasmussen, 1996; Niss, 1988). Íslenskir rannsakendur eru á sama máli og leggja áherslu á öryggistilfinningu, fyrstu dagarnir hafi áhrif á mótun sjálfsmýndar (Guðrún Alda Harðardóttir og Sigrður Síta Pétursdóttir, 2006) og líðan hafi mikil áhrif á daglegt gengi barns í leik og starfi (Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, 2014; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2013) hafa einnig bent á að fleira skipti máli við skólabyrjun leikskólabarna, þannig hafi fyrri reynsla barnanna og styrkleiki tengsla við foreldra áhrif á hvernig til tekst. Í niðurstöðum Bryndísar Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007) í viðamiklli rannsókn, kemur fram að leikskólakennarar telja að óformleg samskipti skipti miklu máli í foreldrasamvinnu og grunnur að þeim samskiptum sé byggður í aðlögunarferlinu.

Aðlögun barna að íslenskum leikskólum var framan af lítil sem engin (Hildur Skarphéðinsdóttir, 2010) og var svo fram undir sjöunda áratuginn þó dæmi væru um að foreldrar gætu verið með börnum sínum um stund í skólanum ef þeir sóttu það fast (Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2000). Smám saman varð aðlögun að venju og fólst í að foreldrar dvöldu með börnum sínum í leikskólanum fyrstu dagana, lengst fyrsta daginn en svo styttist viðvera foreldra smám saman. Þessi aðferð er kölluð einstaklingsaðlögun. Árið 2001 skrifar Jakobína Elín Áskelsdóttir (2001) grein þar sem hún fjallar um nýtt form á aðlögun sem hún kallar hópaðlögun. Það felst í að teknir eru inn stærri hópar barna en viðvera foreldra er með svipuðu sniði og áður. Með því að taka börn inn í hópum styttist sá tími sem fer í að taka öll nýju börnin inn og aðferðin reyndist vel og náði útbreiðslu. Báðar leiðirnar miða að því að barn finni fyrir stöðugleika, að fyrstu dagarnir séu ekki of langir sem og að fjöldi barna og foreldra sé í lágmark (Niss, 1988). Haustið 2008 bloggar Kristín Dýrfjörð (2008) um enn eina aðferð við aðlögun þar sem hugsunin er nokkuð nýstárleg. Börn eru tekin inn í stórum hópum en munurinn er sá helstur að foreldrar eru með þeim allan daginn þrjá fyrstu dagana, eftir það er formlegri aðlögun lokið. Foreldrar sinna börnum sínum þennan tíma og börnin venjast því að vera í skólanum. Kristín Dýrfjörð (2009a) segir muninn á þátttökuaðlögun og eldri aðferðum m.a. felast í því hvernig lítið er á barnið í ferlinu, það sé að læra að vera í nýjum aðstæðum, læra á námstækifærin sem leikskólinn býður upp á. Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir (2014) segir að kennarar telji þátttökuaðlögun virka sem kynningarferli bæði fyrir kennara og fjölskyldur og aðferðin persónulegri og afslappaðri en fyrri aðferðir. Góð tengsl við kennara skipta máli fyrir vitrænan, félagslegan og tilfinningalegan þroska barna (Siraj-Blatchford og Manni, 2007) og allar aðferðir við aðlögun gera ráð fyrir að barnið tengist kennurum, hvort heldur sem því er úthlutað tilteknum kennara eða það hefur svigrúm til að velja sjálf. Misjafnt er hvaða aðferð af þessum þremur skólar aðhyllast og skiptir í raun ekki höfuðmáli hverja þeirra þeir velja, aðlögun er tímafrek og fyrirhafnarsöm. Það tekur börn nokkrar vikur að ná öryggi og vellíðan í skólaumhverfinu og á meðan þurfa þau meiri umhyggju, athygli og stuðning en ella.

Aðlögun á sér oftast stað á sumarmánuðum, á sama tíma eru elstu börnin að ljúka leikskólagöngu sinni og kennarar að taka sumarleyfi sín. Í kjölfar hrunsins fylgdi mikill niðurskurður á afleysingum í leikskólum (Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011) og ekki er sjálfgefið að ráðið sé í sumarafleysingar. Hvort heldur sem skólinn er undirmannaður vegna sumarleyfa kennara eða ráðið er í afleysingar, oftast en ekki fólk án reynslu eða kennaramenntunar, þá hefur það áhrif á skólastarfið. Áhrif sem geta verið á mörgum sviðum. Á stjórnun, faglegt starf, starfsaðstæður og líðan kennara og barna. Því er

mikilvægt að vandað sé til verka og rekstraraðilar þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi þessa tíma fyrir börnin, vita að hverju þarf að huga til að vel takist til og hvernig ytri ákvarðanir geta haft áhrif á fyrrnefnda þætti.

Starfsaðstæður barna og kennara

Viðvera barna í leikskólum á Íslandi hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2000 og dvalartími flestra barna á aldrinum 1–5 ára er sjö klukkustundir eða meira á degi hverjum (Hagstofan, 2012). Nær öll börn fara í leikskóla og ekki síst í ljósi langrar viðveru þeirra er áriðandi að vel sé að skólastarfinu staðið. Undanfarna áratugi hefur verið tilhneiging til að stækka leikskóla hér á landi, bæði eru byggðir stærri skólar en einnig hafa minni skólar verið sameinaðir í stærri einingar (Reyjavíkurborg, 2011). Norsk rannsókn sýndi að stærri leikskólar voru líklegri til að uppfylla tilmæli aðalnámskrár og voru líklegri til að hafa betur menntaða skólastjóra og kennara (Vassenden, 2011). Stærð barnahópa hefur bein áhrif á val leikskólakennara á starfsaðferðum og stærri barnahópar gera kennurum erfiðara fyrir að vinna að skólanámskrá (Pramling Samuelsson, Williams og Sheridan, 2015) og í stærri skólum fjölgar þeim kennurum sem eiga samskipti við börnin dag hvern (Vassenden, 2011).

Fram til ársins 2008 var í gildi reglugerð (nr. 225/1995) sem takmarkaði bæði fjölda barna í leikskóla miðað við fermetra húsnæðis og hámarksfjölda barna á hvern kennara. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er viðmiðin ekki lengur að finna. Talað er um að taka skuli tillit til aldursdreifingar barnahópsins, hversu lengi börnin dvelji í skólanum, stærð leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahópsins. Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla sem fylgdi lögnum (nr. 655/2009) er það sett í verkahring leikskólastjóra í samráði við sveitarstjórn að ákvarða fjölda barna í skólann hverju sinni. Bent er á að gæta þurfi þess „að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram.“ Eins og sjá má af þessu er hvorki í lögnum né reglugerð sem fylgir lögnum getið um hámark barnafjölda á hvern starfsmann né lágmarksfjölda fermetra sem hverju barni er ætlaður til umráða. Í ljósi þess að það er fjárhagslega hagkvæmt að börn séu fleiri en færri, bæði hvað varðar rýmið og barnafjölda á hvern kennara og lagaumhverfið gefur engin viðmið er möguleiki á því að þröngt geti verið um börn í leikskólanum. Spyrja má hve mikla stjórn skólastjórar hafa raunverulega á fjölda barna og kennara og staða þeirra getur verið óskýr þegar ytri- og innri þættir skólustarfs takast á. Ákvarðanir rekstraraðila um breytingar á sumarlokun eru dæmi um aðstæður sem geta sett skólastjóra í erfiða stöðu. Í samantektarrannsókn Kelchtermans, Piot og Ballet (2011) kemur fram að grunnskólastjórar upplifa sig sem hliðverði sem standi vörð um innra starf skólanna móti ytri þáttum. Hjá þeim takist á hollusta gagnvart báðum heimum með tilheyrandi einmanaleika og óvissu um hvorum þeir tilheyra. Allar líkur eru á að það sama eigi við um leikskólastjóra.

Ef þrengir að starfsaðstæðum er líklegt að kennarar upplifi álag og streitu (Betroret, 2006). Rannsóknir hafa sýnt að kennarastarfinu fylgir álag (Dunlop og Macdonald, 2004; Tsigilis, Zachopoulou og Grammatikopoulos, 2006) og að fylgni er milli stærðar barnahópa og álags á kennara (Tatar og Horenczyk, 2003; Tsai, Fung og Chow, 2006). Í niðurstöðum rannsóknar Ásdísar Olgu Sigurðardóttur (2013) kemur fram að leikskólakennarar telja barnafjölda á deildum of mikinn og það valdi álagi á alla þá sem í rýminu vinna, bæði börn og fullorðna. Harpa Njálisdóttir (2004) segir að fjölgun barna hafi í för með sér fórnarkostnað sem ekki megi líta fram hjá, það skapi aukið álag og valdi óánægju kennara með vinnuumhverfi sitt. Jóna Björg Jónsdóttir (2012) komst að því að deildarstjórar leikskóla finna fyrir því að faglegir þættir verði undir í önnum dagsins og það valdi streitu. Að sömu niðurstöðu komst Ásdís Olga Sigurðardóttir (2013) en hún segir að deildarstjórar telji sig stressaða, þeir taki vinnuna með heim, eigi bággt með svefn og náí ekki að komast yfir helstu verkefni í vinnunni frá degi til dags. Þetta valdi þreytu og álagið hafi neikvæð áhrif á starfsgetu og það komi niður á starfinu. Langvarandi álag og streita getur síðan leitt til kulnunar. Umfjöllun um álag og kulnun í kennarstarfi er gjarnan tengd við kvarða Maslach

(1982) en kvarðinn metur álag á kennara (Maslach, Schaufeli og Leiter, 2001). Kvarðann byggði hún á rannsóknum annarra m.a. Iwanicki og Schwab (1981). Rannsóknir hér á landi sýna svipaðar niðurstöður og erlendis (Anna Þóra Baldursdóttir 2002; Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir, 2007b). Breytingar á sumarlokun geta kallað á endurskipulag á faglegu starfi og sett þannig viðbótarvinnu og álag á kennara. Í skýrslu Institute of medicine og national research council (2012) er áréttað mikilvægi þess að þeir sem að málefnum leikskólans koma þarfnist betri skilnings á því starfi sem þar fer fram.

Ballet og Kelchtermans (2009) hafa rannsakað starfsaðstæður grunnskólakennara með því að skoða áhrif ytri þátta, meðal annars hvernig pólitískar ákvarðanir og auknar kröfur frá samfélaginu hafa áhrif á starf kennara. Þau segja að kennarastarfið sé háð miklum breytingum um þessar mundir. Þar skipti mestu þættir eins og lengri vinnutími, fjölbreyttari verkefni, fleiri fundir, meiri stjórnun og allt hefur þetta áhrif á fagvitund kennara og hugmyndir um eigin hæfni. Niðurstöður þeirra sýna áhrif á starfsaðstæður, þrýsting og álag sem getur gert það að verkum að kennurum fallast hendur þegar hugmyndir þeirra um góða menntun eru í húfi. Þetta getur valdið því að sjálfstraust kennara minnkar og þeir upplifi vonbrigði í starfi (Gold og Evans, 1998), finnst þeim mistakast faglega eða valda ekki starfi sínu (Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir, 2007a). Það er því ljóst að pólitískar ákvarðanir geta haft umtalsverð áhrif, bæði á starfsaðstæður kennara og fagvitund þeirra.

Morris, Lloyd, Millienky, Leacock, Raver og Bangser (2013) segja mikilvægt að skoða umhverfið sem leikskólinn býr við, sérstaklega með áherslu á álag, úrræði og stuðning fyrir kennara. Ytri þættir hafi áhrif á árangur og þetta þarf að vera ljóst þeim sem ákvarðanir taka (Kelly og Berthelsen, 1995). Áhrif ákvarðana, svo sem um sumarlokun, þarf að skoða til enda svo þjónustuhlutverkið komi ekki niður á uppeldis- og menntunarhlutverkinu. Rekstraraðilar þurfa að skilja samspil ákvarðana sem teknar eru og starfsins inn í skólunum, hafa skýra mynd af starfsaðstæðum og sjá heildarmyndina. Einungis þannig má tryggja að skólastarfið sé með þeim hætti að fjölskyldur og börn njóti góðs af (Institute of medicine og national research council, 2012).

Aðferð

Rannsóknin sem hér er fjallað um fór fram vorið 2011. Gagnaöflun var í formi rafrænnar spurningakönnunar en aðferðin gefur möguleika á að safna gögnum með auðveldum hætti á skömmum tíma auk þess sem svör í slíkum könnunum sýna sterk tengsl milli þess sem fólk segist gera og þess sem það gerir (Þorlákur Karlsson, 2003). Þátttakendur voru valdir með markmiðsúrtaki (e. purposive sample) með markmið rannsóknarinnar í huga (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2003). Rýnt var í íbúatölur sveitarfélaga og fjölda leikskóla á svæðinu og út frá því tekin ákvörðun um hvaða sveitarfélög yrðu með í úrtakinu. Gætt var að því að hafa jafnt hlutfall skólastjóra í dreifbýli og þéttbýli. Þetta var gert til að ná fram fjölbreyttum sjónarhornum og ná til skólastjóra sem starfa við ólíkar aðstæður.

Spurningakönnunin var samin sérstaklega fyrir þessa rannsókn og fylgt leiðbeiningum Þorláks Karlssonar (2003) við gerð hennar. Hún var samin í því augnamiði að fá sem skýrastar upplýsingar um sumarlokun leikskóla, áhrif hennar á inntöku nýrra barna og það hvenær elstu börnin hætta í leikskólanum. Einnig var leitað eftir viðhorfum og reynslu leikskólastjóra af áhrifum sumarlokunar á starf og starfsaðstæður. Í könnuninni voru 34 spurningar auk tveggja bakgrunnspurninga. Helmingur spurninganna voru lokaðar spurningar þar sem að svarkostir voru fyrirfram gefnir á kvarða. Þeim var fylgt eftir með hálfopnum spurningum þar sem þátttakendur voru beðnir um ýtarlegri upplýsingar. Svör við hálfopnum spurningum voru orðræðugreind en líta má á það hugtak sem yfirhugtak yfir margskonar aðferðir við að greina viðtöl og texta (Kristín Björnsdóttir, 2003). Hér var

megináherslan að leita að þráðum í svörum þátttakenda sem setja í skýrara samhengi við skólastarfið þessi þrjú viðfangsefni; sumarlokun, starf og starfsaðstæður.

Leitað var leyfis rekstraraðila í sveitarfélögunum sem um ræðir fyrir því að leggja könnunina fyrir. Leikskólastjórum var sendur tölvupóstur á netföng skólanna með beiðni um þátttöku. Átti það jafnt við um skólastjóra í einkareknum skólum sem og skólum reknum af sveitarfélögum. Af þeim 110 skólastjórum sem fengu slíkan póst störfuðu 56 við skóla í dreifbýli en 54 í stórum bæjarfélögum. Í úrtakinu voru 38,7% allra leikskóla í landinu. Flestir skólanna sem beðnir voru um þátttöku voru skólar með tvær deildir eða fleiri. Í örfáum tilvikum báðust leikskólastjórar undan þátttöku þar sem breytingar á rekstri skólanna ýmist stóðu yfir eða voru fyrirsjáanlegar í nánustu framtíð. Þetta hafði einhver áhrif á svörunina en svarhlutfallið var um 60% eða frá 65 skólastjórum. Heldur fleiri skólastjórar úr þéttbýli svöruðu könnuninni eða 65% á móti 54% úr dreifbýli. Af þessum 65 skólum voru rúmlega 12% skilgreindir sem litlir skólar eða einnar deildir. Rúmlega 35% skólanna voru með færri en 10 börn í elsta árgangi og jafnmargir með 10 til 20 börn. Tæplega 16% þeirra voru með 20–30 elstu börn og um 14% þeirra með fleiri en 30. Könnunin var nafnlaus og ekki var hægt að rekja svörin til einstakra svarenda.

Niðurstöðurnar voru skoðaðar sem ein heild en ekki með tilliti til staðsetningar eða stærðar skóla. Ástæðan var sú að þó að munur væri á fyrirkomulagi við sumaropnun eftir sveitarfélögum var ekki greinanlegur munur á svörum að öðru leyti. Að því marki sem sveitarfélögin sem valin voru endurspegla heildina, ættu svör leikskólastjóranna að lýsa nokkuð vel aðstæðum og aðferðum skólanna og viðhorfum skólastjóranna. Aðstæður í leikskólum hafa breyst hratt undanfarna áratugi og því ólíklegt að hægt sé að yfirfæra niðurstöður til langs tíma lítið en líklegt er þó að svipaðar niðurstöður fengjust ef könnunin yrði endurtekin eða send öðrum leikskólastjórum þannig að ytra réttmæti ætti að vera töluvert.

Rannsóknarsniðið takmarkar það að hægt sé að spyrja ítarlega út í þá þætti sem áhugavert væri að fá nánari upplýsingar um. Sem dæmi má taka að í hálfopnu spurningunum sem ætlað var að gefa ítarlegri upplýsingar um það sem spurt var um í lokuðu spurningunum, kom í ljós að þær gáfu stundum upplýsingar sem voru í mótsögn við það sem þeim var ætlað að styðja. Þetta á sérstaklega við þriðju rannsóknarspurninguna um áhrif á starfsaðstæður. Til að fá fyllri svör þyrfti að fylgja rannsókninni eftir, til dæmis með viðtölum.

Niðurstöður og umræða

Niðurstöður sem hér eru kynntar fjalla um sumarlokun leikskóla og áhrif hennar á faglegt starf og starfsaðstæður. Kaflanum er skipt upp í þrjá meginkafla, fyrst er stuttlega tekið saman hvernig sumarlokun leikskóla er háttað, þá fjallað um inntöku nýrra barna og að lokum er kafli um yfirflæði og starfsaðstæður. Yfirflæði er hugtak sem kom ítrekað upp í niðurstöðum og vísar til þess að ný börn eru tekin inn áður en þau eldri hætta og heildarfjöldi barna í skólanum því meiri en venju ber til. Valin er sú leið að láta umræðu um niðurstöður í hverjum kafla koma í kjölfarið jafnóðum.

Sumarlokun

Misjafnt er eftir sveitarfélögum hvernig sumarlokun leikskóla er háttað. Í 46% þeirra er sumarlokun ávallt á sama tíma en í 54% þeirra færist lokunin til en misjafnt er hvaða vikur eru valdar til lokunar. Í öllum skólunum er lokað hið minnsta í fjórar vikur, 25% þeirra lokar í fimm vikur og 3% þeirra í sex vikur.

Leikskólar búa við misjafnar aðstæður og þó öllum skólum sem hér tóku þátt sé lokað um lengri tíma býr riflega helmingur við þær aðstæður að sumarlokun færist til milli ára. Þegar sumarlokun er færð til þarf nýtt skipulag við inntöku nýrra barna, tímasetningin hefur áhrif á

hvenær elstu börnin hætta og getur breytt því hvernig starfið með þeim er skipulagt þessa síðustu, mikilvægu mánuði þeirra í leikskólanum. Breytingar á sumarlokun hafa þeim áhrif á hvernig sumarleyfi kennara eru skipulögð og hvort ráða þarf inn fólk til afleysinga. Í því felst vinna sem leggst á skólastjóra en einnig aðra stjórnendur svo sem deildarstjóra (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011b). Tilfærsla á sumarlokun kallar á viðbótarvinnu fyrir kennara og hefur áhrif á faglegt starf. Hafa þarf í huga að kennarar þurfa að sjá skynsemi á bak við ákvarðanir sem eiga sér ekki rætur í skólunum sjálfum svo þær hafi síður neikvæð áhrif á líðan þeirra (Ballet og Kelchterman, 2009).

Í spurningakönnuninni var spurt hvort leikskólastjórar væru sáttir við fyrirkomulag sumarlokunar í sínum skóla. Meirihluti leikskólastjóranna eða 66%, eru sáttir við fyrirkomulagið en 29% vilja breytingar. Í hálfopinni spurningu svarar meirihluti þeirra sem vilja breytingar því til að þeir kjósi að leikskólinn sé lokaður fjórar eða fimm vikur. Athygli vekur að allir umræddir skólar utan einn eru þegar lokaðir í fjórar eða fimm vikur á sumrin. Flestir skólastjórar lýsa vilja til að breyta úr fimm vikna lokun yfir í fjórar eða öfugt og tveir vilja að leikskólinn loki í júlímánuði, einn vill loka í sex vikur og annar í tvær. Einn skólastjórinn tekur fram að hann kjósi að sumarlokun skólans færist minna til milli ára en nú er.

Eðli málsins samkvæmt felst það í hlutverki skólastjóra að þurfa að taka tillit til bæði faglegra þátta og rekstrarlegra. Svör þeirra eru líkleg til að taka mið af hvoru tveggja, rekstrarlegum atriðum, svo sem fjárhagsáætlunum, og hins vegar hvernig faglegu starfi er best borgið innan þess ramma sem þeir hafa. Þetta skipta hlutverk getur valdið togstreitu (Kelchtermans, Piot og Ballet, 2011).

Inntaka nýrra barna og elstu börnin

Þegar leikskólastjórar voru spurðir hvort fyrirkomulag við inntöku nýrra barna í skólann verði með svipuðum hætti og árið á undan svara 86% þeirra spurningunni játandi en 19% þeirra segja að fyrirkomulagið verði annað. Breytingarnar fólust oftast í því að taka átti upp nýtt fyrirkomulag við inntöku barna eða eins og einn þeirra sagði:

Leikskólinn tók upp þátttökuaðlögun á síðasta ári sem verður framhaldið í inntöku nýrra barna nú í ágúst. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og ekki gott að sjá hvort enn frekari þróun verði.

Fleiri ástæður fyrir breytingum voru gefnar upp eins og þær að börnunum væri að fjölga, ný aðferð talin taka styttri tíma en einnig var talað um að sumarlokun spilaði stóran þátt.

Stærð þeirra hópa sem teknir eru inn í einu er misjöfn. Langflestir skólastjórnarnir eða 79% vilja taka inn fá börn í einu eða litla hópa, jafnvel bara eitt barn í einu, en 17% þeirra vilja taka öll börnin inn í einu eða stóra hópa. Skólastjórar í smærri skólum eru líklegri til að vilja taka inn færri börn í einu þó það sé ekki einhlítt. Nær allir leikskólastjóranna vilja halda núverandi fyrirkomulagi á inntökunni.

Seinni hluti sumars virðist vera algengasti tíminn til að taka inn ný börn, en í 43% skólanna eru ný börn tekin inn í ágúst en í 20% þeirra að vori. Í 6% skólanna er hvoru tveggja gert og í einungis 3% skólanna eru börn tekin inn í júlí. Í um 12% skólanna eru börnin tekin inn jafnt og þétt allt árið þegar börn sem fyrir eru hætta en það er gert í öllum skólum þar sem börn eru á biðlistum. Þátttakendur voru spurðir um hvaða þættir réðu mestu um hvenær inntaka nýrra barna færi fram; faglegir þættir, rekstrarlegir þættir, vilji foreldrar eða sjónarmið atvinnulífsins. 46% skólastjóranna telja faglega þætti hafa mest um tímasetninguna að segja en 37% nefna rekstrarlega þætti. Í 12% skólanna er farið eftir vilja foreldra þar að lútandi. Þegar spurt var opinna spurningar um hver ákveði hvenær inntaka nýrra barna fer fram, kemur í ljós að í 79% skólanna segjast leikskólastjórar ákveða það sjálfir, 6% segja

rekstraraðila ráða tímasetningum og 6% segja stjórnunarteymi skólans taka þessa ákvörðun. Einn skólastjórinn segir þetta sameiginlega ákvörðun skólastjóra, starfsmanna skólans og rekstraraðila.

Það er greinanlegur munur á svörum eftir spurningunum tveimur. Velta má fyrir sér hve stór hluti hópsins telur rekstrarlega þætti ráða tímasetningu á inntöku á sama tíma og langflestir þeirra segjast hafa ákvörðunarvaldið. Mögulega er ein af ástæðunum sú að skólastjórar skilgreina rekstrarlega og faglega þætti með ólíkum hætti. Hugsanlega er ástæðan sú að leikskólastjórar þurfa að vinna út frá ákvörðunum rekstraraðila eftir bestu getu, bæði út frá faglegum áherslum skólans og aðstæðum hverju sinni og eru sáttir með hvernig til tekst. Hlutverk skólastjóra er í eðli sínu tvíþætt, það snýr annars vegar að rekstraraðila og hins vegar að faglegum þáttum (Kelchtermans, Piot og Ballet, 2011). Vert er að geta þess að víða, bæði í stærri sveitarfélögum og minni, taka pólitískar nefndir af skarið um lokanir (Hafnafjarðarbær, 2013; Rangárþing ytra, 2013; Sigtryggur Sigtryggsson, 2009; Sveitarfélagið Árborg, 2013a).

Leikskólastjórnarnir voru spurðir hvort þeir teldu að þróun eða breytingar verði á inntöku barna í leikskóla næstu fimm árin. Rúmlega helmingur þeirra eða 52% telur svo ekki vera en 25% þeirra telja að breytingar gætu orðið en frekar litlar og einungis 9% eiga von á miklum breytingum. Tvö atriði eru ráðandi þegar skoðað er í hverju breytingar muni felast, annars vegar að þátttökuaðlögun verði tekin upp í fleiri skólum eða eins og einn leikskólastjóranna sagði: „Fleiri skólar munu skoða þátttökuaðlögun þar sem hægt er að taka inn mörg börn í einu, allt upp í 15 - 18 börn“ og hins vegar að elstu börnin verði í útiskóla að vori eða sumri.

Það er greinilegt að leikskólastjórar hafa trú á þátttökuaðlögun og gætu ástæður verið tvíþættar, bæði rekstrarlegar og faglegar. Fyrirkomulagið tekur styttri tíma en aðrar aðferðir bjóða upp á og tekin eru inn fleiri börn í einu sem er rekstrarlega hagkvæmt. Faglega bíður aðferðin upp á nýja sýn á börn þar sem litið er á þau sem virk í ferlinu (Kristín Dýrfjörð, 2009a) en einnig telja kennarar aðferðina virka vel sem leið fyrir fjölskyldur að kynnst skólanum (Guðbjörg Stefnía Hafþórsdóttir, 2014). Samkvæmt Siraj-Blatchford og Manni (2007) er vandað foreldrasamstarf mikilvægt fyrir þroska barnanna.

Nokkrir hafa orð á að æskilegt væri að elstu börnin myndu hætta um sumarlokun eins og eftirfarandi tilvitnun er dæmi um:

...það væri frábært ef öll börn sem eru að fara í grunnskólann gætu hætt um sumarlokun en þá þarf að bjóða upp á eitthvað annað gott faglegt úrræði. Það myndi auðvelda aðlögun mjög mikið.

Í niðurstöðum kemur fram að elstu leikskólabörnin eru útskrifuð að vorinu, gjarnan í maí en jafnvel fyrr:

Útskriftarhópur færast af deild í apríl og til sumarloka. Þá eru þessi hópur að vinna verkefni saman og er ein deild í miðrými leikskólans. Má segja að þarna skapist ný deild á meðan útskriftarhópur er.

Eins og fram kom hér framar hefur leikskólaárið ekki formlegt upphaf né endi og það hefur í för með sér að til að hægt sé að útskrifa hóp elstu barnanna sem heild þarf að gera það að vori, oftast í maí, þó leikskóladvöl þeirra ljúki ekki endilega fyrr en í ágúst. Jafnvel þegar allra leiða er gætt við að halda sem best utan um starfið með elstu börnunum og vanda til verka þessar síðustu vikur þeirra í skólanum, er hætta á að börnin upplifi sig eins og þau séu ekki hluti af heildinni lengur (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011b). Það getur haft áhrif á líðan þeirra og áhuga á skólanum.

Í rannsókninni var spurt sérstaklega um skólaleiða og tæplega 28% þeirra sem svöruðu töldu börn sýna merki um leiða. Leikskólastjórar telja skólaleiða birtast með þeim hætti að barni leiðist í skólanum, sé áhugalaust, bíði eftir að hætta eða vilji tilbreytingu. Ástæður eru sagðar þær að skólinn bjóði ekki nægilega krefjandi viðfangsefni eða áskoranir séu ekki nægar en einnig að það hafi áhrif þegar fækkar í hópnum vegna þess að börn hætta á mismunandi tíma. Nokkrir nefndu að tíminn eftir sumarlokun geti verið elstu börnunum erfiður og þá geti skapast leiði eða eins og einn þeirra sagði: „...svo getur verið að sumir félaganna séu hættir á undan og það finnst einhverjum skrytið og jafnvel ósanngjarn.“ Annar orðar það svona: „Stundum eftir sumarfrí koma inn örfá börn og þeirra vinir jafnvel hættir. Einnig getur haft áhrif þegar eldri systkin og/eða foreldrar eru komnir í sumarfrí...“ Það er athyglisvert að nokkur dæmi eru um að skólastjórar hafni því sem raunverulegum möguleika að börnum leiðist í leikskólanum: „Skólaleiði er eitthvað sem ekki er til heldur talað upp af fullorðnum.“

Yfirflæði og starfsaðstæður

Í spurningakönnuninni voru leikskólastjórar spurðir hvort það kæmi tímabil sem fleiri börn væru í skólanum en viðmið rekstraraðila gera ráð fyrir og ef svo væri hversu langt það tímabil væri. Í ljós kom að í flestum skólanna eru ný börn tekin inn þegar önnur hætta, en í 18 þeirra eða um 28% er tímabil þar sem börn eru fleiri en viðmið rekstraraðila gera ráð fyrir og er misjafnt hve langan tíma það ástand varir. Í 33% þessara skóla er tímabilið tvær vikur eða minna, í einum þeirra er um þrjár vikur að ræða, fjórar vikur í 22% skólanna og í tæplega 28% þeirra er tímabilið sex vikur eða lengra. Hugtakið yfirflæði skaut oft upp kollinum í þessu samhengi.

Leikskólastjóranir bregðast við yfirflæðinu með ýmsum hætti, útivera er aukin, farið er í fleiri vettvangsferðir og einhverjir treysta á fjarveru barna vegna aukaleyfa á sumartímanum. Einn þeirra lýsir þessu svo:

Skólinn er búinn að vera í þróunarstarfi með útinám barna þannig að stór hluti barnanna er á ferð og flugi í vettvangsferðum og þar með nýtist skólahúsnæðið mjög vel fyrir ný börn í aðlögun.

Þeir skólastjórar sem vildu breytingar á inntöku nefndu helst að elstu börnin fengju að hætta áður en ný eru tekin inn eða að öll börn hefji leikskólagöngu að hausti.

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar vekja nokkur atriði sérstaka athygli. Fyrst má nefna hve margir skólar það eru sem taka inn ný börn á meðan að skólinn er fullsetinn, jafnvel um langan tíma. Tímasetning á sumarlokun hefur bein áhrif á aðlögun nýrra barna, það tekur ung börn tíma að aðlagast og ekki hentugt að hefja aðlögun of nálægt sumarlokun (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011b). Þetta er megin ástæða þess að skólastjórar kjósa að taka ný börn inn í skólann áður en önnur hætta en einnig má ætla að kröfur um fullnýtingu skólans hafi áhrif (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a). Þegar tímasetning á sumarlokun færir til þá getur það breytt því hvenær foreldrar kjósa að láta elstu börnin hætta í skólanum, það hefur síðan bein áhrif á hvenær ný börn eru tekin inn í skólann. Tilfærsla á sumarlokun getur kallað á nýtt skipulag og viðbótarvinnu fyrir skólastjórnendur og kennara en hefur einnig áhrif á starfið í skólanum og starfsaðstæður barna og kennara. Annað sem er athyglisvert er að skólastjórar gera ráð fyrir lausnum sem ekki eru endilega í hendi svo sem að vel viðri eða að börn verði fjarverandi utan sumarleyfistímans svo fátt eitt sé nefnt. Í rannsókn höfunda (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2011a) kom í ljós að starfið með elstu leikskólabörnunum er sá þáttur sem líklegastur er til að breytast ef aðstæður kalla á.

Spurt var um hvort skólinn hafi aðgengi að viðbótarrymi eða aðstöðu þann tíma sem barnafjöldi er umfram viðmið um fermetra. Af þessum 18 skólum hafa rúmlega 33% þeirra

aðgang að húsnæði til að mæta þessari þörf svo sem í grunnskóla hverfisins en einnig nefna skólastjórar sameiginlega kennsluaðstöðu í leikskólanum: „...Íþróttasalur leikskólans er notaður fyrir elstu börn skólans.“ og annar segir: „Það er salurinn í leikskólanum sem er nýttur meira...“ Þó viðbótarými standi til boða er ekki sjálfgefið að hægt sé að nýta það. Einn skólastjóranna orðar það á þennan hátt:

Þó ég hafi svarað nei hér að ofan, þá vil ég taka fram að okkur var boðið að fá lánað rými í grunnskólanum sem er mjög nálægt leikskólanum. En þar sem ég hafði ekki starfsfólk til að dreifa á meira rými, þáði ég það ekki.

Viðbótarými geta leyst þörf fyrir aðstöðu þann tíma sem barnafjöldinn fer yfir viðmið en þar með er þó ekki allur vandi úr sögunni. Fleiri svæði kalla á fleiri kennara sem vegna sumarleyfa eru færri á þessum tíma og það hefur áhrif á skiplagningu. Einnig má velta fyrir sér hvort húsnæði skólans geti í raun talist sem viðbót þegar það nýtist ekki í hefðbundið starf fyrir önnur börn á meðan.

Leikskólastjórar eru flestir sammála um að það hafi margvísleg áhrif að hafa fleiri börn í skólanum en viðmið gera ráð fyrir, mest séu áhrifin á stjórnun og kennara en minnst á börnin. Einn þeirra segir: „Í raun eru ekki fleiri börn á deild þar sem elstu börnin fara út af deildinni.“ Börnin eru jafnvel talin græða eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun í einn leikskólastjóranna: „Það hefur ekki mikið í för sér fyrir börnin nema að þau njóta sín betur þegar þau eru sér hópur.“ Þessu eru ekki allir sammála því annar skólastjóri segir:

Mér finnst allt of algengt að leikskólar séu að taka inn allt of mörg börn miðað við viðmið. Börnin finna fyrir því, sums staðar eru elstu börnin á flakki, eiga ekki sinn "gamla" samastað og hætt er við að þau upplifi að þau séu "hornreka". Starfsfólkið er eðlilega einnig mjög upptekið að sinna börnunum sem eru að byrja og ég held að þegar aðstæður eru þannig nái þeir ekki að sinna öllum börnum eins og skyldi.

Barnafjöldi er eitt þeirra atriða sem getur aukið álag á kennara (Ásdís Olga Sigurðardóttir, 2013; Harpa Njálisdóttir, 2004; Tatar og Horenczyk, 2003; Tsai o.fl., 2006) en barnafjöldi hefur einnig áhrif á möguleika kennara til að ná markmiðum í skólastarfinu (Pramling Samuelsson, Williams og Sheridan, 2015). Lítil vitneskja liggur fyrir um hvaða áhrif það hefur á líðan og þroska barna að vera í umhverfi þar sem barnafjöldi er mikill miðað við húsrými. Í skýrslu Institute of medicine og national research council (2012), kemur fram að mikilvægt og jafnvel fjárhagslega hagkvæmt sé að búa vel að menntun yngstu barnanna. Undir það er tekið í fleiri rannsóknum (Young, 2014). Orðið flakkari kom fyrir í nokkrum tilvikum í svörum skólastjóranna þegar þeir ræddu um elstu börnin. Það er umhugsunarefni að orðið flakkarar er notað um elstu börnin á þessum tímavarki, sérstaklega að gert sér ráð fyrir að börnin séu á flakki. Ætla má að það hafi áhrif á líðan barna, jafnvel lærdómsumhverfi þeirra, ef þau eru sett í þær aðstæður að vera afgangstærð eða flakkarar síðustu vikurnar sínar í leikskóla en sú var einmitt niðurstaðan í rannsókn Önnu Elísu Hreiðarsdóttur og Eyglóar Björnsdóttur (2011b).

Þegar barnafjöldi er umfram viðmið kallar það á ýmiss konar viðbótarvinnu fyrir skólastjórnendur. Þar má nefna skipulagningu, foreldrasamstarf, innheimtu gjalda og fleira, auk þess sem sumir þurfa einnig að leggja sitt af mörkum inn á deildum eins og kemur fram í þessu svari: „Þetta er meiri þúsla fyrir stjórnendur og þeir taka meiri þátt í starfsemi á deildum.“ Einn skólastjóranna telur þetta ekki breyta miklu fyrir sig sem stjórnanda en bætir svo við: „En þetta er bara hægt í stuttan tíma og að sumarlagi.“ Annar segir:

Ég hef ekki sjálf kynnst þessu, þar sem ég hef farið mjög varlega í þetta. En ég hef heyrt í kollegum sem líður mjög illa út af þessu álagi.

Leikskólastjórar upplifa togstreitu á milli rekstraraðila og faglegra þátta eins og sjá má af eftirfarandi svari:

Eitt af meginhlutverkum stjórnenda er að gæta að hagsmunum sinna nemenda og starfsmanna, auk þess sem hann þarf líka að gæta að hagsmunum rekstraraðila. Það hlýtur því að setja pressu á stjórnendur að leita lausna á vandamálinu.

Sambærileg togstreita kom fram í niðurstöðum rannsóknar Kelchtermans, Piot og Ballet (2011) á upplifun grunnskólastjóra af starfi sínu og mikilvægi þess að standa vörð um faglega starfið í skólunum.

Það gætir þó nokkurrar þversagnar í útskýringum skólastjóra á áhrifum á börnin, þeir gera lítið úr áhrifum en nefna svo eitt og annað sem sannarlega má túlka sem áhrif eins og þetta dæmi sýnir: „...ekki alveg hægt að sinna þeim á sama hátt og ef sú staða er ekki uppi, reynum eins og hægt er að láta börnin ekki líða fyrir.“ Einn skólastjóranna nefndi „aukið álag og áreiti“ og annar leikskólastjóri áréttaði að „... [Það] verður að passa að elstu börnin gleymist ekki og gangi sjálfala.“ Þversögnin endurspeglar hve best í eftirfarandi orðum eins skólastjóranna:

Börnin eru ekki fleiri per starfsmann en nógildandi reglugerð segir til um. Það sem breytist sumarönnina er að "sérkennsla" er í lágmarki, aðstoðarleikskólastjóri starfar sem deildarstjóri 100% Flakkara [elstu barnanna] og önnur afleysing en undirbúningstímar er lágmarkað.

Til að bregðast við þörf fyrir aukinn mannafla er stjórnunarhlutfall aðstoðarskólastjóra tekið inn í kennslu sem og undirbúningstímar kennara og sérkennsla.

Niðurstöður vekja spurningar um hvaða áhrif það hefur fyrir menntun viðkomandi barna og möguleika þeirra til lengri tíma lítið ef dregið er úr sérkennslu. Einnig er umhugsunarefni hvaða fagleg áhrif það hefur að draga úr stjórnun, undirbúningstímum og afleysingu. Þegar haft er í huga að þetta kemur til viðbótar við niðurskurð og samdrátt í kjölfar kreppunnar (Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011) má vera ljóst að áhrif á faglegt starf og starfsaðstæður barna og kennara eru einhverjar, jafnvel töluverðar. Það er lýsandi fyrir niðurstöðurnar að broddurinn er gjarnan dregin jafnóðum úr því sem fram kemur eins og sést á þessu svari: „Þetta hefur í för með sér að starfsfólkið þarf að leggja meiri á sig en það kvartar ekki finnst þetta bara skemmtileg tilbreyting í starfinu.“ Þetta er áhugaverð niðurstaða og sú sem vekur flestar spurningar. Spurningar eins og hvort skólastjórar geri of lítið úr áhrifunum, hvort þetta sé þeirra leið til að verja faglegt starf í sínum skóla eða hvort raunhæft sé að ætlast til þess að þeir segi út á við að faglegt starf skólans eða starfsaðstæður barna og kennara séu ekki eins góðar og best verður á kosið.

Í gögnum komu fram fleiri dæmi um áhrif á faglegt starf, svo sem að „starf allra deilda breytist því þörf er á að allir séu meira úti, myndlist eða íþróttir detta út eða færast út.“ Fleiri atriði voru nefnd svo sem að skipulögðum stundum fækkaði og einn sagði:

Huga þarf vel að allri skipulagningu í starfinu og hvernig sem best má draga úr álagi. Þetta hefur hingað til gengið vel þar sem þetta tímabil á við um sumartímann og meiri útivist og öðruvísi starf í gangi en á veturna.

Fjöldi barna umfram viðmið kallar á aukna skipulagsvinnu, til dæmis við að nýta húsnæði og útisvæði sem best, dreifa börnum um svæði svo það helsta sé nefnt. Einn skólastjóranna orðar þetta svo: „Það er einnig viðbótarvinna fólgin í því að ráða fólk, skipuleggja aukið umfang í eldhúsi, meira púsl og skipulagning, meira álag á kennara.“ Sem lausn á vandanum benti einn þeirra á að „einnig koma inn unglingar úr vinnuskólanum“ og annar sagði: „Það koma inn skólakrakkar og aðstoðar starfsfólkið sem fyrir eru.“

Það kom ítrekað fram að leikskólastjórar sjá sér ákveðinn hag í inntöku að vori, því verið sé að vinna sér í haginn með léttara hausti: „það hefur einungis þau áhrif að aðlögun í haust verður minni og léttari.“ Hvort sú vinna er í raun til bóta var ekki rætt frekar en í athugasemdum gáfu skólastjórar nokkuð dekkri mynd af áhrifunum:

Ég hef heyrt af því að starfsmenn séu "örmagna" þar sem börnin eru mun fleiri en viðmið gera ráð fyrir í nokkrar vikur. Það er ekki gott að enda starfsárið og byrja nýtt starfsár á þeim nótum.

Margir skólastjórar telja álag á kennara aukast, einn orðar þetta svo: „Það eykur álag á starfsmenn. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir því að nýta vel húsrými og gæta að því að börnin fái notið sín í leik og starfi.“ Annar segir: „Á sama hátt þurfa starfsmenn að gæta vel að skipulagi og fylgja því eftir sem ákveðið er til að þau markmið náist að draga úr álagi hverju sinni.“

Það er álag því fylgjandi að vera kennari (Dunlop og Macdonald, 2004; Tsigilis, Zachopoulou og Grammatikopoulos, 2006) og ef skólum er þröngur stakkur búinn og úrræðin eru fátækleg er líklegra að kennarar upplifi álag og streitu (Betroret, 2006), langvarandi áhrif geta leitt til kulnunar (Anna Þóra Baldursdóttir 2002; Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir, 2007b) og haft í för með sér tilheyrandi kostnað vegna veikinda og fjarvista. Það er því rétt að áréttta mikilvægi þess að hafa heildarsýn á afleiðingar pólitískra og faglegra ákvarðana (Ballet og Kelchtermans, 2009).

Samantekt

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að sumarlokun leikskóla er með ólíkum hætti eftir rekstraraðilum. Að mestu leyti ákvarða rekstraraðilar hvort skólar loka að sumrinu, hvenær þeir loka og hve lengi. Skólastjórar taka ákvarðanir um inntöku nýrra barna en er ætlað að vinna út frá ákvörðunum um sumarlokun með fagleg sjónarmið að leiðarljósi.

Skólar búa við misjafnar aðstæður, sumir loka að sumrinu, aðrir ekki og að auki er misjafnt hve lengi sumarlokun stendur yfir. Hvaða leið sem er valin þá ættu rekstraraðilar að vera meðvitaðir um áhrif ákvarðanna sinna. Eftir því sem sumarlokun nær yfir styttri tíma er meiri þörf fyrir afleysingu svo kennarar nái að taka sumarleyfi sín. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að mæta þeim kostnaði. Hin hliðin á því að ráða fólk til afleysinga er að í þau störf fæst helst ómenntað og jafnvel reynslulítið fólk og sé það niðurstaðan þá er mikilægt að skoða áhrifin á börnin, menntun þeirra og líðan.

Tímasetning á sumarlokun hefur bein áhrif á hvenær elstu börnin hætta og þar með hvenær hægt er að taka inn ný börn, með þeirri undantekningu þegar skólar taka þá ákvörðun að hafa fleiri börn en almennt er gert ráð fyrir um lengri eða skemmri tíma að sumrinu. Í rannsókninni kom í ljós að 28% þeirra fara þá leið. Leikskólastjórar segja að tímasetning sumarlokunar hafi margvísleg áhrif á starf og starfsaðstæður og ljóst er að sumarmánuðirnir eru álagstími í starfi leikskóla.

Það er umhugsunarefni hve margir skólanna í rannsókninni velja það sem þeir kalla yfirflæði. Án efa er faglegra sjónarmiða gætt við skipulagningu og útfærslu en það liggur engin vitneskja fyrir um hvaða áhrif slíkar ákvarðanir hafa á börnin. Hér er þörf á frekari rannsóknum og í raun mikilvægt að þegar skólar taka ákvörðun um leið eins og þessa að jafnhliða fari fram mat á því hvernig til tekst. Meta þyrfti áhrif á almennan þroska barna, nám og líðan. Sem leið í því samhengi er mikilvægt að kanna viðhorf og reynslu barnanna sem um ræðir og fá fram upplifun þeirra af mismunandi fyrirkomulagi og breytingum.

Af þessu má sjá að tímasetning sumarlokunar hefur margvísleg áhrif á skólastarfið og áhrifin aukast ef hún færir til milli ára. Það skiptir máli að rekstraraðilar séu meðvitaðir um áhrif

ákvarðana sinna og skoði þær í samhengi við skólastarf og starfsaðstæður. Samband íslenskra sveitarfélaga ber ábyrgð á starfsemi leikskóla (lög um leikskóla nr. 90/2008) og ætti sem slíkt að skoða þessi mál ítarlega í samvinnu við fagaðila svo sem Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla. Í leikskóla eru börn fyrstu fimm árin og það hefur áhrif til framtíðar hvernig til tekst (Institute of medicine and national research council, 2012; Lepper, Corpus og Lyengar, 2005; Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2011; Young, 2014).

Við úrvinnslu á niðurstöðum úr hálfopnum spurningum komu í ljós áhugverð atriði sem ekki er hægt að útskýra fyllilega. Í öðru orðinu hafa leikskólastjórar áhyggjur af álagi yfir sumarmánuðina og hvaða áhrif það hefur á kennara og börn en í hinu orðinu gera þeir lítið úr þessum áhyggjum, og draga þær jafnvel til baka. Að sama brunn ber þegar þeir fjalla um áhrif aðstæðna á elstu börnin. Þeir orða áhyggjur sínar en draga úr þeim jafnóðum. Þessar þversagnir sýna tiltekna takmarkanir á rannsóknarsniðinu sem notað var. Áhugavert væri að fylgja þeim þráðum eftir til dæmis með viðtalsrannsókn þar sem hægt væri að fara dýpra í þá þætti sem hér hefur verið fjallað um.

Heimildir

Akureyrarbær. (2014a). *Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2013*. Sótt af http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/akureyrarbaer_arsskyrsla_2013_vef_leid_rett_lr.pdf

Akureyrarbær. (2014b). *Skólanefnd – 20.01.2014* (fundargerð). Sótt af <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/fundargerdir/skolanefnd/9490>

Andersen, J. og Rasmussen, K. (1996). *Mer foreldresamarbeid*. Oslo: Pedagogisk forum.

Anna R. Árnadóttir, Erna Rós Ingvarsdóttir, Gréta Björk Halldórsdóttir, Halla Steingrímsdóttir, Hrafnhildur G. Sigurðardóttir, Karl Frímannsson, Katrín Jóhannesdóttir. (2014, apríl). *Könnun á álagi í leikskólum Akureyrarbæjar: Skýrsla starfshóps*. Sótt af http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/skyrslur/skyrsla_um_alag_leikskolum_2014.pdf

Anna Þóra Baldursdóttir. (2002). Kulnun í starfi. *Glæður* 13(1), 13–20.

Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. (2007a). Líðan kennara í starfi: Vinnugleði eða kulnun? *Uppeldi og menntun*, 16(1), 73–94.

Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. (2007b). Jákvætt starfsumhverfi kennara: Aukin vinnugleði. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 29–44.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2000). Aðaláherslan var á umönnun: Anna Elísa ræðir við Erlu Böðvarsdóttur. *Athöfn* 32(1), 32–35.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2011a). Á mörkum skólastiga: Áherslur í starfi með elstu börnum leikskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/002.pdf>

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2011b). *Útheimur*. „Við vorum þarna í hríðarbyl og hellidambu og það var bara allt í lagi“. Akureyri: Leikskólinn lðavöllur. Sótt af http://idavollur.is/wp-content/uploads/2014/12/utheimur_skyrsla.pdf

Anna Karólína Stefánsdóttir, Hjálmar Freysteinnsson, Hulda Guðmundsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Guðfinna Nývarðsdóttir, Magnús Skúlason ... Sigmundur Sigfússon. (2000). *Nýja barnið. Þróunarverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri*. Reykjavík: Landlæknisembættið. Sótt af <https://www.althingi.is/alttext/erindi/144/144-770.pdf>

- Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma: Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda. *Netla – Vefritar um uppeldi og menntun: Sérítt 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf
- Arna H. Jónsdóttir og Marianne Coleman. (2014). Professional role and identity of Icelandic preschool teachers: Effects of stakeholders' views. *Early Years* 34(3), 210–225. DOI: 10.1080/09575146.2014.919574
- Ásdís Olga Sigurðardóttir. (2013). *Áhrifaþættir í starfi deildarstjóra í leikskólum* (óútgefin meistararitgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/16063>
- Ballet, K. og Kelchtermans, G. (2009). Struggling with workload: Primary teachers' experience of intensification. *Teaching and Teacher education*, 25(8) 1150–1157.
- Belsky, J. (1988). The effects' of infant day care reconsidered. *Early Childhood Research Quarterly*, 3(3), 235–272. DOI: 10.1016/0885-2006(88)90003-8
- Berglind Hallgrímsdóttir. (2010). *Deildarstjórar í leikskólum: Hlutverk og vald* (óútgefin meistararitgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/5684/16026/1/Deildarstj%C3%B3rar_%C3%AD_leiksk%C3%B3lum.pdf
- Betroret, F. D. (2006). Stressors, self-efficacy, coping resources, and burnout among secondary school teachers in Spain. *Educational Psychology*, 26(4), 519–539. Sótt af <http://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/01443410500342492>
- Bowlby J. (1995) [1951]. *Maternal care and mental health*. (2 útg.). Geneva, World Health Organization. Sótt af: [http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/40724/1/WHO_MONO_2_\(part1\).pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/40724/1/WHO_MONO_2_(part1).pdf)
- Bowlby, J., Ainsworth, M., Boston, R. og Rosenbluth, D. (1956). The effects of mother-child separation: A follow-up study. *British Journal of Medical Psychology*, 29(3-4) 211–247. DOI:10.1111/j.2044-8341.1956.tb00915.x
- Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Á mótum tveggja heima. Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*. (bls. 679–690). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/8481/22580/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2007.pdf
- Dunlop, C. A. og Macdonald, E. B. (2004). *The teachers health and wellbeing study Scotland*. Edinburgh: NHS Health Scotland. Sótt af <http://www.healthscotland.com/uploads/documents/6925-RE045Final0203.pdf>
- Erikson, E. H. (1968). *Identity: Youth and crisis*. New York: Norton.
- Garðar Örn Úlfarsson. (2013, 13. júní). Einstæðir foreldrar í launalaust leyfi. *Visir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/einstaedir-foreldrar-i-launalaust-leyfi/article/2013706129993#>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Gold, A. og Evans, J. (1998). *Reflecting on school management*. London: Falmer Press.

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir. (2014). *Þátttaka stjórnenda í aðlögun erlendra barna í leikskóla*. Óbirt meistaraverkefni við Háskóla Íslands: Reykjavík. Sótt af <http://skemman.is/en/stream/get/1946/20110/45640/1/Gu%C3%B0bj%C3%B6rg.St.Haf%C3%BE%C3%B3rsd%C3%B3ttir.M.ed.docx.pdf>

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. (2014, 24. september). Mikil veikindi hjá Reykjavíkurborg. *Eyjan.is*. Sótt af <http://blog.pressan.is/gudfinnajokhanna/2014/09/24/mikil-veikindi-hja-reykjavikurborg/>

Guðrún Alda Harðardóttir og Sigrður Síta Pétursdóttir. (2006). *Lengi býr að fyrstu gerð. Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1–3 ára börnum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Hafnarfjarðarbær. (2013, 10. júní). *Fræðsluráð - 283* (fundargerð). Sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1305027F>

Hagstofa Íslands. (2012). *Leikskólabörnum fjölga en leikskólum fækka*. Sótt 8. mars af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/leikskolabornum-fjolgat-en-leikskolum-faekkar/>

Hagstofa Íslands. (2014a). *Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998–2013*. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01001%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri+barna+og+lengd+vi%F0veru+1998%2D2013++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands (2014b). *Starfstími leikskóla eftir landsvæðum 1998–2012*. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO01202%26ti=Starfst%EDmi+leiksk%F3la+eftir+landsv%E6%F0um+1998%2D2013++%26path=../Database/skolamal/IsSkolahald/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Harpa Njálisdóttir. (2004). *Áhrif kjarasamnings Félags leikskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga á starfsmannahald og starfsemi leikskóla*. Reykjavík: Borgarfræðasetur. Sótt af <http://www.samband.is/media/kjaramal/Ahrif-kjarasamnings-a-starfsmannahald-og-starfsemi-leikskola.pdf>

Hildur Skarphéðinsdóttir. (2010). Þessi er örugglega ekki meira en sextán: Hildur Skarphéðinsdóttir rifjar upp tilveru leikskólakennaranema fyrir fjórum áratugum. Í Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir (ritstj.), *Spor í sögu stéttar: Félag leikskólakennara 60. ára* (bls. 55–60). Reykjavík: Skrudda.

Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Rosaleg óvissa hjá okkur og vondur tími“. Um starfsöryggi og líðan kennara eftir hrun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/014.pdf>

Institute of medicine and national research council. (2012). *The early childhood care and education workforce: Challenges and opportunities: A workshop report*. Washington, DC: The national Academies press.

Iwanicki, E. F. og Schwab, R. L. (1981). Across-validation of the Maslach burnout inventory. *Educational and Psychological Measurement*, 41, 1167–1174.

Jakobína Elín Áskelsdóttir. (2001). Hópaðlögun eins til þriggja ára barna: Leikskólinn Sunnuból á Akureyri. *Athöfn* 33(1), 14–16.

- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Tvær stefnur: Tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 57–78.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntun ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/017.pdf>
- Jóna Björg Jónsdóttir. (2012). *Stjórnunarhlutverk deildarstjóra í leikskólum* (óútgefin meistararitgerð). Akureyri: Háskólinn á Akureyri. Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/13213/31388/1/M.Ed._J%C3%B3na_Bj%C3%B6rg_J%C3%B3nsd%C3%B3ttir_%C3%A1g%C3%BAst_2012
- Kelchtermans, G., Piot, L. og Ballet, K. (2011). The lucid loneliness of the gatekeeper: Exploring the emotional dimension in principals' work lives. *Oxford Review of Education*, 37(1), 93–108. DOI:10.1080/03054985.2010.545192
- Kelly, A. L. og Berthelsen, D. C. (1995). Preschool teachers' experience of stress. *Teaching and Teacher Education*, 11(4), 345–357.
- Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237–249). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Dýrfjörð. (2008). *Aðlögun barna í leikskóla*. Roggur.blogg. Sótt af <http://roggur.blog.is/blog/kristindyr/entry/632145/>
- Kristín Dýrfjörð. (2009a, 27. september). Þegar barn byrjar í leikskóla. *Morgunblaðið*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1302120/>
- Kristín Dýrfjörð. (2009b). Þátttökuaðlögun – nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 681–690). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lepper, M. R., Corpus, J. H. og Lyengar, S. S. (2005). „Intrinsic and extrinsic motivational orientattions in the classrooms: Age differences and academic correlates.“ *Journal of Educational Psychology* 97, 184–196.
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 78/1994.
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- Lyons-Ruth, K. (1991). Rapprochement or approchement: Mahler's theory reconsidered from the vantage point of recent research on early attachment relationships. *Psychoanalytic psychology* 8, 1–23.
- Mahler, M., Pine, F. og Bergman, A. (1975). *The psychological birth of the human infant: symbiosis and individuation*. New York: Basic Books.
- Maslach, C. (1982). Understanding burnout: Definitional issues in analyzing a complex phenomenon. Í W.S. Paine (ritstj.) *Job Stress and burnout* (bls. 29–40). Beverly Hills, CA: Sage.

Maslach, C., Schaufeli, W. B. og Leiter, P. M. (2001). Job burnout. *Annual Review of Psychology* 52(1), 397–422. DOI: 10.1146/annurev.psych.52.1.397

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Morris, P., Lloyd, C. M., Millienky, M., Leacock, N., Raver, C. C. og Bangser, M. (2013 janúar). *Using classroom management to improve preschoolers social and emotional skills: Final impact and implementation findings from the foundations of learning demonstration in Newark and Chicago*. New York: MDRC.

Niss, G. (1988). *Att börja i förskolan*. Stockholm: Utbildningsförlaget.

Pramling Samuelsson, I., Williams, P. og Sheridan, S. (2015, 28. mars). Stora barngrupper i förskolan relaterat till läroplanens intentioner. *Journal of Nordic early childhood education research* 9(7), 1–14. <https://journals.hioa.no/index.php/nbf/article/view/1012/1173>

Rangárþing ytra. (2013, 27. febrúar). *17. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, 2010-2014* (fundargerð). Sótt af http://www.ry.is/efni/17_fundur_fr%C3%A6%C3%B0slunefndar_rang%C3%A1r%C3%BEing_s_ytra_og_%C3%A1sahrepps_2010_2014

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Reykjavíkurborg. (2011). *Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila* (skýrsla starfshóps). Reykjavík: Reykjavíkurborg. http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfshopur_um_greiningu_t_aekifaera_lokaskyrsla_28._feb.pdf

Reykjavíkurborg. (2014, 16. september). *Borgarstjórn 16. 9. 2014* (fundargerð). Sótt af <http://reykjavik.is/fundargerd/borgarstjorn-1692014>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011). *Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga: Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2011*. Umsjón með útgáfu: Valur Rafn Halldórsson og Gunnlaugur Júlíusson. Reykjavík: Höfundur. Sótt af http://www.samband.is/media/fjarmal-sveitarfelaga/Hagraedingaradgerdir_sveitarfel_2011.pdf

Sigrún Aðalbjarnadóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.

Sigtryggur Sigtryggson. (2009, 11. mars). Þurfa að laga sig að sumarlokun leikskóla. *Mbl.is*. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/03/11/thurfa_ad_laga_sig_ad_sumarlokun_leikskola/

Siraj-Blatchford, I. og Manni, L. (2007). *Effective leadership in the early years sector: The ELEYS study*. London: Institute of education.

Sveitarfélagið Árborg. (2013a). *28. fundur fræðslunefndar* (fundargerð). Sótt af <http://www.arborg.is/28-fundur-fraedslunefndar/>

Sveitarfélagið Árborg. (2013b, 15. janúar). *Sumarlokanir leikskóla 2013*. Sótt af <http://www.arborg.is/sumarlokanir-leikskola-2013/>

Tatar, M. og Horenczyk, G. (2003). Diversity-related burnout among teachers. *Teaching and Teacher Education*, 19, 397–408.

thelma@bb.is. (2010, 11. febrúar). Sumarlokun leikskóla lengd. *Visir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/sumarlokun-leikskola-lengd/article/2010932653614>

Thompson, R. A. (1988). The effects of infant day care through the prism of attachment theory: A critical appraisal. *Early Childhood Research Quarterly* 3(3), 273–282. DOI:10.1016/0885-2006(88)90004-X

Tsai, E., Fung, L. og Chow, L. (2006). Sources and manifestations of stress in female preschool teachers. *International Education Journal*, 7(3), 364–370.

Tsigilis, N., Zachopoulou, E. og Grammatikopoulos, V. (2006). Job satisfaction and burnout among Greek early educators: A comparison between public and private sector employees. *Educational Research and Review*, 1(8), 256–261. Sótt af <http://www.academicjournals.org/err/PDF/Pdf2006/Nov/Tsigilis%20et%20al.pdf>

Vassenden, A. (ritstj.) (2011). *Barnehagenes organisering og strukturelle faktorerers betydning for kvalitet* (skýrsla). Stavanger, Noregi: International Research Institute of Stavanger.

Young, M. E. (2014). *Addressing and mitigating vulnerability across the life cycle: The case for investing in early childhood*. United Nations Development Programme. Sótt af http://hdr.undp.org/sites/default/files/mary_young_hdr_2014.pdf

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–355). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Um höfunda

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún brautskráðist frá Fósturskóla Íslands árið 1990 sem fóstura, lauk B.Ed.-gráðu frá Háskólanum á Akureyri árið 2000 og M.Ed.-prófi sex árum síðar frá sama skóla. Anna Elísa starfaði um árabil sem leikskólalastjóri, aðstoðarleikskólalastjóri og deildarstjóri í leikskóla. Rannsóknir hennar og þróunarverkefni snúa meðal annars að foreldrasamstarfi í leikskóla, jafnréttiskennslu yngri barna og starfi með elstu börnum leikskólans.

Eygló Björnsdóttir (eyglob@unak.is) er dósent við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1971 og starfaði sem grunnskólakennari við Barnaskóla Vestmannaeyja um árabil. Eygló lauk meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á tölvu- og upplýsingatækni frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003. Helstu rannsóknaráherslur hennar eru menntarannsóknir, notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, fjarkennsla, grenndarkennsla og námsefnisgerð.

Efnisorð

rekstrarumhverfi leikskóla, sumarlokanir, elstu börnin í leikskólanum, aðlögun, starfsaðstæður

About the authors

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) is an assistant professor at the University of Akureyri. She graduated as a kindergarten teacher in 1990, holds a B.Ed. degree in preschool teaching from the University of Akureyri (2000) and an M.Ed. degree from the University of Akureyri (2006). Anna Elisa has worked as a preschool teacher and a head teacher. Her research is focused on partnership with families in preschools, professional work with five-year-old children and gender studies. Anna has worked on several developmental projects in the same areas.

Eygló Björnsdóttir (eyglob@unak.is) is an associate professor at the Faculty of Education in the School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri. She graduated as a teacher from the Iceland University of Education in 1971 and enjoyed a long teaching career in elementary school. Eygló completed a Master's degree in Pedagogy and Education with a focus on computer and information technology in Education in 2003. Her main research interests are educational studies, ICT in learning, distance learning, local studies and design of curriculum materials.

Key words

operational conditions, summer recess, five years old children, transition to preschool, work conditions



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2016).
Sumarlökun leikskóla: Áhrif á starf og starfsaðstæður.
Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/03_ryn_arsrit_2016.pdf